

Ed.

110. Frumvarp

til laga um samþykktir um mótak.

Eftir 3. umr. í Nd.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykkt um mótak, til að koma í veg fyrir landsspjöll af mótakinu, óhagkvæma meðferð mólands og hættur af mógröfum.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á að gera samþykkt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, semur hún frumvarp til samþykktar. Þá skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþykktin nái yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem heima eiga á því svæði og atkvæðisrjett hafa í sveitamálum og þeir, sem mótak eiga eða fjárráðamenn þeirra, ef þeir eru ófullveðja, svo og landsetar á mótaksjörð, þótt eigi hafi þeir hinn tilskilda atkvæðisrjett í sveitamálum. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar til fundarins og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, er um getur í 2. grein, leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykkt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær, en vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþykktar, sem hefir eigi náð $\frac{2}{3}$ atkvæða á samþykktarfundum, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyr en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er þá samþykktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi.

Samþykkt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

5. gr.

Í samþykkt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig greiða skuli kostnaðinn við eftirlitið.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir frá 5–50 kr., og skal í samþykktinni ákveðað, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykkt skal farið sem almenn lögreglumál.